

Erindi frá UMF Austra á Raufarhöfn

Stjórn Ungmennafélagsins Austra stefnir að því að setja upp frísbíggjvöll á Raufarhöfn nú í vor. Þó staðsetning vallar sé enn óákveðin er komin ein hugmynd, sjá mynd 1, en hún nýtir sér fallegu lóðina við ráðhúsið, ásinn fyrir ofan Raufarhöfn og endar síðan á langri braut niður Pallabrekku. Leið þessi er rétt rúmur 1 km en þess má geta að vinsæli folfvöllurinn á Klambratúni í Reykjavík er rétt undir 1 km og því ætti þessi lengd að henta vel.

Um er að ræða 9 holu völlu og hefur mennta og menningarmálaráðuneytið styrkt verkefnið um 500.000 kr.

Ýmsir kostir hafa verið ræddir og mögulega væri hægt að kaupa ódýrari körfur en þá þarf að taka þær niður yfir veturinn og þær endast ekki jafn lengi.

Í stjórn Austra starfa eingöngu sjálfboðaliðar sem hafa margt annað á sinni könnu og því viljum við að völluinn allur verði settur niður með það að markmiði að hann endist lengi og þurfi á lágmarks viðhaldi að halda.

Stjórn UMF Austra hefur ákveðið að óska eftir mótframlagi frá Norðurþingi til að völluinn verði að veruleika. Meðfylgjandi er kostnaðaráætlun.

9 körfur	855.000
9 undirstöður	135.000
9 tengistaurar	33.000
Vallarskilti	52.500
Hönnun og prentun á skiltum	150.000
Flutningur	135.000
Undirbúningsvinna/hönnun	150.000
Gröfuvinna við uppsetningu og frágang 18 klst x 13.500 kr.	243.000
Sement + sandur	120.000
Vinna við steypu 18 klst x 5.500	99.000
Vinna við uppsetningu og fl. 20 klst x 5500	110.000
Samtals	2.082.500 kr.

Stjórn UMF Austra telur að frísbíggjvöllur muni nýtast vel fyrir íbúa á Raufarhöfn, sem og ferðafólk og aðra gesti. Frísbíggj er hentugt fyrir alla aldurshópa og auðvelt að ná tökum á því og það er hægt að spila það í flestum veðrum, allt árið um kring. Það má því segja að þetta sé sannkallað lýðheilsuverkefni.

F. h. UMF Austra

Nanna Steina Höskuldsdóttir

Birna Björnsdóttir

Karítas Ríkhardsdóttir

Olga Friðriksdóttir

Margrét Sigríður Höskuldsdóttir